

# STARFSREGLUR STARFSKJARANEFNDAR ÍSFÉLAGS HF.

## 1. Almennt

- 1.1 Starfskjaranefnd (hér eftir „nefndin“ eða „starfskjaranefnd“) er undirnefnd stjórnar Ísfélags hf. (hér eftir „stjórnin“ eða „stjórn félagsins“) og starfar í samræmi við starfsreglur stjórnar félagsins, íslensk lög og reglur, og góða stjórnarhætti.
- 1.2 Nefndin er skipuð í samræmi við starfsreglur stjórnar félagsins og starfar hún í umboði stjórnar sem ber ábyrgð á skipun og störfum nefndarinnar. Störf og ábyrgð starfskjaranefndar breyta í engu ábyrgð og skyldum stjórnenda félagsins og stjórnar þess.
- 1.3 Tilgangur með stofnun starfskjaranefndar er að bæta stjórnarhætti og gera störf stjórnar félagsins markvissari.
- 1.4 Starfskjaranefnd skal setja sér starfsreglur sem samþykktar skulu af stjórn og skulu nefndarmenn fá eintak af starfsreglum þessum er þeir taka sæti í nefndinni í fyrsta sinn. Þá skulu þeir jafnframt fá eintak af samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

## 2. Meginhlutverk og ábyrgð starfskjaranefndar

- 2.1 Meginhlutverk starfskjaranefndar er
  - a) að undirbúa drög að starfskjarastefnu félagsins, sbr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995.
  - b) móta tillögu um starfskjör stjórnarmanna sem skal lögð fyrir aðalfund, sbr. 79. gr. laga nr. 2/1995 og
  - c) leggja drög að framkvæmd starfssamninga við stjórnendur félagsins.

Í þessu felst að nefndin er stjórn og framkvæmdastjórn ráðgefandi um starfskjör æðstu stjórnenda félagsins. Þá skal nefndin fylgjast með því að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan þess ramma sem starfskjarastefna félagsins setur. Ákvörðunarvald er þó ávallt í höndum stjórnar, nefndin hefur því ekki vald til að taka ákvarðanir fyrir hönd stjórnar og hefur ekki áhrif á hlutverk og ákvörðunarvald stjórnar, forstjóra né annarra nefnda félagsins. Þó skal starfskjarastefna vera bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 79. gr. a. laga um hlutafélög. Verði ákveðið að víkja frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skulu þau frávik studd greinargóðum rökum og skal stjórn félagsins gera grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

- 2.2 Hlutverk starfskjaranefndar er nánar tiltekið:
  - a) að útbúa árlega drög að starfskjarastefnu félagsins og leggja fram sem tillögu fyrir stjórn.

- b) að hafa eftirlit með framfylgd starfskjarastefnunnar og útbúa skýrslu um framkvæmd hennar fyrir liðið starfsár og leggja fyrir stjórn til umfjöllunar og samþykktar fyrir aðalfund ár hvert.
  - c) að gera tillögu til stjórnar um viðmið og ramma fyrir laun, hlunnindi og önnur starfskjör stjórnar, forstjóra og aðra starfsmenn sem heyra beint undir stjórn félagsins og/eða forstjóra.
  - d) að hafa eftirlitshlutverk með þróun kjara- og mannauðsmála hjá félaginu, þá sérstaklega með tilliti til jafnlaunamála.
  - e) reyna að tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög og reglur.
  - f) að meta áhættu sem starfskjaramál kunna að skapa fyrir félagið.
- 2.3 Við mótun tillagna skal nefndin m.a. horfa til upplýsinga um starfskjör hjá félögum sem starfa á hliðstæðum mörkuðum og/eða sækjast eftir áþekkri reynslu og þekkingu og félagið sjálft.
- 2.4 Nefndin skal árlega gefa stjórn skýrslu um störf sín í heild á starfsárinu.
- 2.5 Samkvæmt 2. mgr. 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög skal við gerð starfskjarastefnu miða við eftirfarandi grundvallaratriði:
- a) takmörk skulu vera á breytilegum starfskjarabáttum sem tengjast skulu fyrir fram ákveðnum og mælanlegum árangursviðmiðunum þar sem langtímahagsmunir félags eru hafðir í huga.
  - b) fresta skal greiðslu vegna breytilegra starfskjarabátta í hæfilegan tíma og gera ráð fyrir endurgreiðslu ef greiðslur hafa verið inntar af hendi á grundvelli bersýnilega ónákvæmra gagna.
  - c) starfslokagreiðslur skulu ekki fara fram úr ákveðinni fjárhæð og ekki miðast við meira en tveggja (2) ára laun. Starfslokagreiðslurnar skulu ekki fara fram ef starfslok verða vegna ófullnægjandi árangurs.
  - d) hlutir skulu ekki afhentir fyrr en a.m.k. þremur (3) árum eftir að viðkomandi öðlast rétt til þeirra. Þá má eigi neyta kaupréttar á hlutum fyrr en að loknum þriggja (3) ára biðtíma. Ákveðið hlutfall af hlutum skal geyma til starfsloka.
  - e) stjórnarmenn skulu ekki njóta hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

### 3. Skipun starfskjaranefndar

- 3.1 Stjórn félagsins ber ábyrgð á skipun starfskjaranefndar sem svarar beint til hennar. Skal nefndin skipuð stjórnarmönnum félagsins, þar af einn formaður.
- 3.2 Starfstímabil nefndarinnar skal ná frá skipun hennar til næsta aðalfundar.

- 3.3 Hæfi nefndarmanna og skilyrði fyrir skipun þeirra:
- a) forstjóri félagsins og aðrir daglegir stjórnendur þess, og dótturfélaga þess, skulu ekki eiga sæti í starfskjaranefnd
  - b) meirihluti nefndarmanna skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess
  - c) nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum félagsins
  - d) nefndarmenn skulu búa yfir þekkingu og reynslu í samræmi við verkefni nefndarinnar
- 3.4 Ákvörðun um laun nefndarmanna, fyrir störf þeirra í þágu starfskjaranefndar, skal tekin á aðalfundi félagsins.

#### 4. Fundir

- 4.1 Nefndin skal halda a.m.k. tvo (2) fundi á ári. Aukafund(i) skal halda þegar formaður nefndarinnar telur þörf á. Þá er forstjóra, stjórnarformanni og einstökum nefndarmönnum heimilt að óska eftir því, með skriflegum og sannanlegum hætti, að formaður nefndarinnar boði til aukafundar ef málefni koma upp sem gera það nauðsynlegt. Í slíkum tilvikum ber formanni að boða til fundar innan eins (1) mánaðar frá því að skrifleg krafa kemur fram.
- 4.2 Nefndinni er heimilt að óska eftir því að aðrir, hvort sem það eru stjórnendur félagsins, ytri endurskoðendur eða aðrir starfsmenn, séu viðstaddir fundi nefndarinnar.
- 4.3 Formaður nefndarinnar boðar til funda með sannanlegum hætti og stýrir fundum.
- 4.4 Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund.
- 4.5 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum um öll mál. Falli atkvæði jöfn fer formaður með úrslitaákvæði.
- 4.6 Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af nefndarmönnum. Nefndin skal halda fundargerðarbók og skulu fundargerðir vera aðgengilegar stjórn og forstjóra.
- 4.7 Fundir, fundargögn og fundargerðir, svo og undirritanir, mega vera með rafrænum hætti og ef sú heimild er nýtt skulu gögn skv. þessari grein geymd á miðlægu svæði starfskjaranefndar.

#### 5. Heimildir og aðgengi að gögnum/upplýsingum

- 5.1 Nefndin skal hafa ótakmarkaðan aðgang að gögnum frá félaginu, og getur óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá félaginu, er varða störf hennar að því marki sem samræmist lögum og reglum félagsins.

- 5.2 Nefndin skal hafa óheftan aðgang að stjórn, stjórnendum og starfsmönnum félagsins, og ytri endurskoðendum, í því skyni að fá upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegt að fá vegna starfa sinna.
- 5.3 Nefndin hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar hjá óháðum aðila vegna starfa nefndarinnar. Slíkt skal þó tilkynnt stjórn með skriflegum hætti.

## 6. Trúnaðar- og þagnarskylda

- 6.1 Nefndarmenn skulu gæta þagnarmælsku í hvívetna um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum eða samþykktum félagsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- 6.2 Nefndarmönnum er óheimilt að nýta þær upplýsingar og þau gögn sem þeir fá vegna starfa sinna fyrir félagið í öðrum störfum sínum ótengdum félaginu.
- 6.3 Nefndarmaður skal varðveita tryggilega þau gögn sem hann fær afhent frá félaginu eða öðrum í tengslum við starf sitt. Þegar hann hættir störfum skal hann sjá til þess að gögn, sem hann hefur móttakið í sambandi við nefndarstörf sín, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

## 7. Úrsögn úr starfskjaranefnd

- 7.1 Nefndarmanni er hvenær sem er heimilt að segja sig úr starfskjaranefnd. Þá er meirihluta stjórnar félagsins heimilt að víkja nefndarmanni úr nefndinni án fyrirvara. Stjórn félagsins skal skipa annan nefndarmann við fyrsta tækifæri í stað þess sem vikur sæti. Þó aldrei seinna en innan tveggja (2) mánaða frá úrsögn/brottvikningu.

## 8. Breytingar á starfsreglum starfskjaranefndar og birting þeirra

- 8.1 Reglur þessar taka mið af 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og starfskjarastefnu félagsins.
- 8.2 Reglur þessar skulu yfirfarnar árlega og samþykktar af stjórn félagsins.
- 8.3 Við gerð reglnanna var stuðst við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.
- 8.4 Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Þannig staðfest á stjórnarfundum Ísfélags hf. þann 22. nóvember 2023